

Fundargerð stjórnar Foreldrafélags Þjósárskóla. Fundur haldinn í Brautarholti 21. október 2019 kl. 17:00.

Á fundinn mættu:

Elin Moqvist formaður, Bjarni H. Ásbjörnsson ritari, Björn Hrannar Björnsson, Rakel Þórarinsdóttir og Sigurlaug Ósk Reimarsdóttir. Ásta Björg Nathanielsdóttir gjaldkeri mætti síðar.

Jólafondur.

Stungið var upp á því að jólafondur yrði haldið þann 22. nóvember kl. 16:00. Elín ætlar að athuga hjá stjórn foreldrafélags Leikholts hvort það gangi upp.

Hugmyndir komu fram um það að smíða merkimiða úr tré sem hægt væri að mála á, mála á litlar krukkur og nota sem kertastjaka og safna tónum klósettrúllum fyrir jólafondrið.

Lagt var til að bjóða upp á tómata og gúrkur.

Fataslá með skiptifötum.

Stjórn velti fyrir sér hvort það væri einhver grundvöllur fyrir því að foreldrafélagið reyndi að koma upp fataslá þar sem íbúar í sveitarfélaginu gætu skipst á notuðum fötum án gjaldtöku. Velt var vöngum yfir því hvar slík slá gæti verið staðsett og hvort skólinn væri hentugur staður til þess. Málið var rætt.

Spilakvöld.

Hugmynd kom fram hvort spilakvöld gæti orðið einhver fjáröflun fyrir foreldrafélagið. Rætt var hvort hefðbundið spilakvöld gæti gengið eða spilakvöld þar sem borðspil væru spiluð í 1-2 klukkustundir.

Leikhúsferð.

Stjórn ætlar að skoða möguleika á því að húa saman í leikhúsferð eftir áramót. Vitað er að leikfélag Hveragerðis hefur í bígerð að setja upp leiksýningu þar sem þjóðsögur Jóns Árnasonar verða miðpunkturinn. Athugað verður hvað rúta kostar hjá Guðmundi Tyrfingssyni án bílstjóra og að stjórn myndi útvega hann.

Árshátíð.

Árshátíð skólans verður haldin í mars. Foreldrafélagið sér um að óska eftir veitingum frá foreldrum.

Ljósmyndataka.

Ljósmyndataka af 1. 5. og 7. bekk er árleg. Skipuleggja þarf hana vel.

Félagsgjöld.

Stjórn ræddi það hvort ekki væri þörf á því að leggja á félagsgjöld svo hægt yrði að halda uppi aðeins öflugra félagsstarfi í félaginu. Hugmynd kom fram um að það gæti orðið kr. 2.000,- pr. barn og kr. 1.000 fyrir hvert systkin. Bjarna var falið að skrifa bréf til oddvita sveitarfélagsins um möguleika á auknum styrk til foreldrafélagsins.

Bingókvöld.

Rætt var um það að halda bingókvöld. Finna þarf vinninga í það og virkja varamenn í stjórn einnig í það.

Persónuverndarmál.

Rætt var um persónuverndarmál. Bjarni spurðist fyrir um það hvort borist hafi formlegt svar frá Þjósárskóla við áskorun sem síðasta stjórn foreldrafélagsins sendi á síðasta skólaári til skólastjóra. Ekki var vitað hvort það svar hafi borist. Elín ætlar að kanna hvort fyrrum formaður hafi fengið slíkt formlegt svar.

Stjórn verður í samskiptum á Messenger á milli funda og fundargerð verður sett á facebook síðu foreldrafélagsins.

Fundi slitið kl. 18:30.

Ritað, Bjarni H. Ásbjörnsson